

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í fundarsal að Sunnumörk 2, þriðjudaginn 28. febrúar 2012, kl. 17:00.

Mætt voru: Eyþór H. Ólafsson, Hafþór Vilberg Björnsson, Elínborg Ólafsdóttir, Hjördís Harpa Guðlaugsdóttir og Heimir Eyvindarson. Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá

1. Kynning á nýendurreistu Listvinafélagi bæjarins
2. Fréttir frá stofnunum
3. Endurskoðun á reglugerð um íþróttamann ársins
4. Minjagripir tengdir Hveragerði
5. Heims / bæjar kaffi, undirbúningur

1. Kynning á nýendurreistu Listvinafélagi bæjarins

Fulltrúar úr stjórn Listvinafélags Hveragerðis komu og kynntu markmið félagsins og mögulegt samstarf við Hveragerðisbæ. Nefndin leggur til við bæjarstjórn að Varmahlíðarhúsið verði tekið frá fyrir hugsanlega viðburði á vegum Listvinafélagsins í júnímánuði 2012.

2. Fréttir frá stofnunum

Forstöðumaður bókasafnsins fór yfir aðsóknar- og útlánstölur 2011. Lögð fram ársskýrsla Hverasvæðis og Upplýsingamiðstöðvar. Menningar- og frístundafulltrúi fór yfir aðsóknartölur Sundlauginnar Laugaskarði.

3. Endurskoðun á reglugerð um íþróttamann ársins

Ákveðið að endurskoða reglugerð um íþróttamann Hveragerðis. Menningar- og frístundafulltrúa falið að leggja fram drög á næsta fundi.

4. Minjagripir tengdir Hveragerði

Umræður um minjagripir tengda Hveragerði. Ákveðið að menningar- og frístundafulltrúi vinni áfram að hugmyndum með það að markmiði að einhverjar útfærslur verði tilbúnar fyrir sumarið.

5. Heims / bæjar kaffi, undirbúningur

Ákveðið að hafa bæjarkaffi til að heyra raddir bæjarbúa um viðburði og hátíðir í bæjarfélaginu. Bæjarkaffi er vettvangur þar sem allir íbúar hafa tækifæri til að koma sínum hugmyndum og tillögum á framfæri. Menningar- og frístundafulltrúa ásamt Elínborgu Ólafsdóttur er falið að undirbúa bæjarkaffið.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:40

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Hafþór Vilberg Björnsson, (sign)

Hjördís Harpa Guðlaugsdóttir, (sign)

Elínborg Ólafsdóttir, (sign)

Heimir Eyvindarson, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)